



Erindisbréf

## Framkvæmdastjórn orlofssjóðs

Stjórn LSS/orlofssjóðs skipar eftirfarandi aðila í framkvæmdastjórn orlofssjóðs LSS til tveggja ára.

Ásgeir Þórisson, tengiliður stjórnar, [asgth@simnet.is](mailto:asgth@simnet.is): s: 899 5335

Björn Ingvar Björnsson, [bjorningvarbjornsson@gmail.com](mailto:bjorningvarbjornsson@gmail.com) s: 847 3170

Gauti Þór Grétarsson, [gautithor@gmail.com](mailto:gautithor@gmail.com) s: 898 8399

Árni Oddsson, [arnio@shs.is](mailto:arnio@shs.is) s: 862 7570

Kristmundur Carter, [kcarter@internet.is](mailto:kcarter@internet.is) s: 691 7979

Orlofssjóður er sjálfstæður sjóður og starfar skv. samþykktum þess. Stjórn LSS skipar stjórn orlofssjóðs og er ábyrg fyrir rekstri hans. Stjórn LSS skipar fimm aðila í framkvæmdastjórn orlofssjóðs til tveggja ára í senn. Stjórnar LSS eiga rétt á að sitja fundi nefndarinnar, með málfrelsi og tillögurétt. Starfsmenn LSS eru starfsmenn sjóðsins.

**Gildistími skipunar:** September 2020 – apríl 2022.

### Markmið sjóðsins er að:

- Tryggja félagsmönnum góða aðstöðu og gott framboð gistinga í orlofi sínu.
- Að vinna að eflingu orlofsframboða fyrir félagsmenn.
- Tryggja félagsmönnum góð kjör á ferðum, gistingu og afþreyingu.
- Móta stefnu LSS í orlofsmálum og fylgja eftir stjórnar- og þingsamþykktum.

### Hlutverk:

Stjórnarmönnum ber ábyrgð á daglegum rekstri orlofsíbúða, eignum þess og viðhaldi. Stjórnarmenn vinna eftir áherslum stjórnar LSS og er því gjaldkeri LSS tengiliður stjórnar og jafnframt formaður framkvæmdastjórnar orlofssjóðs. Framkvæmdastjórnin heldur gerðarbók og skilar fundargerðum til stjórnar LSS. Ekki er greidd þóknun fyrir setu í nefndinni enda um sjálfboðaliðastarf að ræða en útlagður kostnaður er greiddur af sjóðnum. Framkvæmdastjórnin hefur að leiðarljósi siðareglur, önnur lög og reglugerðir sem LSS hefur sett eða starfar eftir.

### Hlutverk orlofsnefndar eru m.a.:

- Bera ábyrgð á afgreiðslu umsókna um leigu orlofsíbúða/húsa félagsins.
- Bera ábyrgð á daglegum rekstri orlofsíbúða félagsins.
- Bera ábyrgð á viðhaldi á eignum félagsins.
- Hefur umsjón með stærri framkvæmdum á eignum félagsins.
- Sýnir frumkvæði að nýjungum og þróun á orlofsmálum félagsins.
- Leitar eftir betri kjörum á ferðalögum fyrir félagsmenn hvort það er gisting, ferðalög, afþreying, matur ofl.

### Starfshættir

Formaður framkvæmdastjórnar ber ábyrgð á boðun funda. Fundarboðun skal vera



bréflæg eða rafræn og send öðrum stjórnarmönnum auk starfsmanna sjóðsins, eigi síðar en fjórum sólarhringum fyrir fund. Fundað skal eins oft og þurfa þykir.

**Vonast er til að framkvæmdastjórn skili eftirfarandi árangri:**

- Allar eignir LSS séu í góðu ásigkomulagi.
- Ánægðum félagsmönnum eftir dvöl þeirra í orlofsíbúðum LSS.
- Hagkvæmari viðskiptum fyrir félagsmenn á gistingu, ferðalögum og afþreyingu.
- Að kvartanir félagsmanna séu í lágmarki.
- Að orlofssjóður haldi í við þróun á uppbyggingu orlofsíbúða eins og önnur stéttarfélög.

**Fjármál**

Orlofssjóður er með sjálfstæðan rekstur og er fjármagnað með iðgjöldum frá atvinnurekendum. Fjárhags- framkvæmda- og viðhaldsáætlanir skulu unnar í samráði við framkvæmdastjóra LSS. Öll fjárútlát skulu unnin í samráði við framkvæmdastjóra LSS. Allar stærri framkvæmdir skal bera undir stjórn LSS.

**Tengiliður úr stjórn LSS:** Ásgeir Þórisson, gjaldkeri LSS.

**Starfsmaður orlofssjóðs:** Guðrún Hilmarsdóttir, skrifstofustjóri LSS.

Reykjavík, 3. nóvember 2020

Magnús Smári Smárason  
Formaður

Bjarni Ingimarsson  
Varaformaður